

## Stjórnarfundur Dvalarheimilis aldraðra – Hvamms

26.1.21

Fundur hófst kl 14:30 og fór fram á TEAMS.

Mætt: Jón Helgi Björnsson, Áslaug Halldórsdóttir, Arnór Benónýsson, Aðalsteinn J. Halldórsson, Birna Ásgeirsdóttir, Bylgja Steingrímsdóttir, Sigurður Böðvarsson, Kristján Þór Magnússon

### 1. Rekstur 2020

Rekstrarleg niðurstaða síðastliðins árs leiðir í ljós að um 9 mkr vantar uppá tekjuhlíðina í formi daggjalda til að ná endum saman í rekstri hjúkrunar- og dvalarrýma. Ljóst er að RAI-mat heimilisins er of lágt m.v. álag og standa væntingar til þess að nýtt mat endurspegli betur umönnunarþörfina fyrir árið 2021. Nokkuð frávik er frá áætlun hvað varðar launakostnað, enda töluvert meiri umönnunarþörf á árinu 2020 en fyrirséð var og sömuleiðis meiri launahækkanir en áætlað var fyrir. Greiðslur vegna veikinda voru heldur yfir því sem áætlað var. Launahækkanir umfram það sem launahækkanir voru séðar. Alls stefnir í um 24 mkr halla á árinu 2020 í rekstri heimilisins. Sömuleiðis er viðvarandi rekstrarvandi í Stóra Mörk á Kópaskeri þar sem þar er verri nýting á dagvistarrýmum en vonst var eftir. Einingin er stór og of fáir sem sækja þangað þjónustu. Restkurinn í Vík á Rauфарhöfn er nokkurnvegin á áætlun. Rekstur búseturéttarkerfisins sömuleiðis.

### 2. Áætlun 2021

Helstu atriði rekstraráætlunar 2021 eru eftirfarandi

- Hvammur: gert ráð fyrir betra tekjuflæði heldur en á fyrra ári. Nýtt RAI mat gerir ráð fyrir því. Stjórn gerir ráð fyrir því að breytingar á vaktakerfi starfsmanna sem gerðar voru í haust haldist á árinu 2021 og skili ábata til rekstrarins. Gert er ráð fyrir um 16 mkr halla á árinu 2021. Enn vantar staðfestingu Sjúkratrygginga og ráðuneytis á tekjuáætlun fyrir árið 2021. Uppsafnað tap 2020-2021 er því áætlað um 46 mkr.
- Búseturéttarkerfi: gert ráð fyrir lítilsháttar halla 1 mkr vegna aukins viðhalds.
- Stóra Mörk: Ákveðið var að framlengja samning við núverandi starfsmenn út maí. Það liggur fyrir að taka verði upp reksturinn ef áfram heldur sem horfir og finna nýjar leiðir til að brúa það tap sem fyrirséð er.
- Vík: Nokkuð óbreytt staða er fyrirséð frá fyrra ári.

### 3. Rekstur í Stóru Mörk

Stjórn ákveður að kanna hvort forsendur séu til þess að auglýsa eftir áhugasömum aðila til að taka við rekstri dagvistarþjónustu í Stóru-Mörk, ásamt tækifærinu til þess að elda og selja mat út úr eldhúsi eignarinnar. Framkvæmdastjóra og stjórnarformanni falið að vinna að samantekt um málið. Ákveðið að taka málið fyrir að nýju á næsta fundi.

### 4. Styttning vinnuvikunnar – breytingar á vaktakerfi

Jón Helgi og Áslaug fóru yfir vinnuna sem nú stendur yfir tengt breytingum á fyrirkomulagi vinnu vaktavinnufólks. Verkefnið kemur til framkvæmda frá 1. maí 2021 og ljóst er að mikið álag verður á stjórnendur næstu vikur vegna þessa máls, enda skipulag og samræming flókin. Verkefnið gengur þó út á umbótastarf innan stofnunarinnar og mikilvægt að bæði starfsfólk

og vinnuveitendur verði sáttir með þá niðurstöðu sem næst á málið. Stjórn óskar þess að aðilum gangi vel að koma saman nýju fyrirkomulagi fyrir tilsettan tíma.

5. Hvammur og Covid aðgerðir

Allir heimilismenn í Hvammi hafa nú verið bólusettir í tvígang og er það mikið fagnaðarefni. Ágætt jafnvægi er komið á mönnun heimilisins og lítið hefur verið um skammtímaveikindi. Haldið hefur verið þétt utan um skipulag og takmarkanir utanaðkomandi heimsókna og hefur það gengið með sóma. Sömu leiðis hefur breytt fyrirkomulag með ræstingu gengið vel en húsverðir hafa tekið við fleiri stöðum innan Hvamms hvað það varðar. Í forföllum deildarstjóra hefur aukinn styrkur í stjórnun heimilisins verið sóttur til starfsmanna á HSN um stundarsakir. Verið að gera könnun á hljóðvernd í matsal og standa væntingar til að hægt verði að bæta úr henni í kjölfarið.

Fleira ekki gert. Fundi slitið 15:50.